

dóminum, og ber áfrýjendunum að borga hinum stefndu kost og tæringu, er virðist hæfilega matið 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendunum Jóni Breiðfjörð og Ásbirni Ólafssyni ber að greiða hinum stefndu Jóni Oddssyni og Guðmundi Hannessyni 10 kr. í kost og tæringu innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. desembermán.

Nr. 29/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson
gegn

Einari Þórðarsyni
forstöðumanni prentsmiðjunnar.

D ó m u r.

Eptir að forstöðumaður prentsmiðjunnar Einar Þórðarson, að fenginni gjafsóku fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar, hafði höfðað mál gegn áfrýjandnum, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, út af skuld hans til prentsmiðjunnar 39 kr. 81 eyr. fyrir ýmislegan prentunarkostnað á blaðinu Víkverja, sem kom út frá því í júní 1873 til þess í septemberlok 1874, var áfrýjandinn með dómi bæjarþingsrjettarins í Reykjavík, dags. 15. febr. 1877, skyldaður til þess að greiða tjeða upphæð 39 kr. 81 eyr., og 5% vexti þar af, frá sáttadegi, þangað til skuldinni verður lokið, svo og í málskostnað 20 kr., þar á meðal 15 kr. til hins skipaða málsfærslumanns stefnandans í hjerði, og ljet dómhafandi þar næst þann 30. maí þ. á. gjöra fjárnám fyrir hinni til-dæmdu upphæð.

Áfrýjandinn hefur nú krafizt þess, að fógetagjörð sú, með hverri fjárnám þetta var gjört, verði dæmd

ómerk, og sjer tildæmdar 500 kr. skaða- og miska-
bætur, samt þar næst í aðalmálinu farið því fram, að
hann verði algjörlega sýknaður, eða ef til þess ei fynd-
ist ástæða, til vara krafizt þess, að hann ekki verði
dæmdur til að greiða hærri upphæð en 8 kr. 82 a.,
eða 10 kr. 15 a. í það allra - mesta. Svo hefur hann
og heimtað málskostnað fyrir báðum rjettum.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt, að undir-
rjettardómurinn og fógetagjörðin verði staðfest, og að
sjer verði tildæmdur málskostnaður. Áfrýjandinn hefur
einkum byggt sýknarkröfu sína á því, að fyrning sje
komin á mál þetta eptir N. L. 5—13—48. gr., þar eð
meir en ár og dagur var liðinn, frá því að prentunin fór
fram og þangað til mál þetta var höfðað, en á þessa
ástæðu verður ekki fallizt, því það er hvorttvegja, að
skuld þessi ekki er þess eðlis, að slík fyrning eigi við
hana, og svo hefur stefndi ómótmælt skýrt svo frá, að
hann vorið 1875 og síðar árangurslaust hafi krafizt
áfrýjandann og sent honum reikning fyrir skuldinni.
Að því leyti áfrýjandinn hefur farið því fram, að eng-
inn samningur hafi verið við hann gjörður annar en
sá, að hann skyldi greiða 11 rdl. 32 sk. fyrir prentun
á hverri örk, og að tiltölu minna fyrir hálfu, og
hann sjerstaklega hefur mótmælt því, að samningur sá,
sem svo er kallaður, dags. 26. júní 1874, sje bindandi
fyrir hann, er ekki hann, heldur einungis hinn stefndi
hafi undirskrifað hann, þá verður tæplega á þessu byggt,
þar eð það sjest af öllu, sem fram er komið í máli
þessu, að áfrýjandanum hefur hlotið að vera kunnugt
um, að prentsmiðjan setti þá skilmála, sem til teknir
eru í samningnum, fyrir prentun blaðsins, og hann sjálf-
ur hefur játað, að til þess hafi verið ætlazt, að hann
gengi að þessum samningi, og skrifaði undir hann, en
hann hafi ekki gjört það, af því hann hafi haldið því fram,

að eldri munnlegur samningur skyldi standa. Verður því að álitast, að áfrýjandi, með því að halda áfram að láta prenta blaðið, hafi undir gengizt þá skilmála, er prentsmiðjan hafði sett 26. júní 1874 með samþykki yfirstjórnanda hennar.

Eptir þessu virðist rjett, að áfrýjandanum sje gjört að skyldu, að greiða þær 17 krónur, sem hann telur að sjer hafi verið ofreiknaðar á prentun á 11 hálförkum og $\frac{1}{4}$ parti arkar.

Þegar nú þar næst kemur hið annað ágreiningsatriði út af reikningi prentsmiðjunnar, sem er að upphæð 12 kr. 66 aurar, hefur áfrýjandinn ekki viljað kannast við, að breytingar á handritum og önnur slík smástörf hafi átt stað, og neitað þeim, en þar sem hann út af því, að hinn stefndi hefur farið því fram, að áfrýjandinn væri látinn synja fyrir breytingarnar með eiði, hefur látið í ljósi, að hann öllu síður en hinn stefndi sje fær um að segja, hvort þær hafi átt stað, þá hljóta þessi ummæli áfrýjandans á annan bóginn mjög að veikja neitun hans, og á hinn bóginn virðist í því atriði, að hinn stefndi eptir eðli og ásigkomulagi gjalda þessara ekki getur fært ítarlegar sannanir gegn almenntri neitun fyrir þeim breytingum, er hann í hvert skipti hefur reiknað og tilgreint mjög ítarlega í málskjólum sínum, ekki að geta legið nægileg ástæða til að sýkna áfrýjandann fyrir þessari gjaldagrein, og það því fremur, sem að í skilmálum prentsmiðjunnar, dags. 26. júní 1874 er tekið fram, að forstöðumaðurinn meti allar breytingar og umbrot, enda má eptir öllu, sem fram er komið, álita, að þær hafi átt stað. Þar eð að síðustu áfrýjandinn ekki hefur getað fært á rökum grundvallaðar ástæður gegn því, sem eptir er af hinum umrædda reikningi 10 kr. 15 a. fyrir aukið þetitletur í prentun blaðsins, getur hann eigi komizt hjá

því, að hann samkvæmt því, sem hann í vararjettar-kröfu sinni hefur viljað láta sjer lynda, verði dæmdur til að greiða tjeðar 10 kr. 15 aura, og leiðir það enn fremur meðal annars af því, að hann ekki hefur gagnstefnt til greiðslu á 2 kr. 33 aur., er hann þykist hafa ofgreitt 4. nóv. 1873, að afdráttur af upphæð þessari ekki getur komið til álita.

Af ástæðum þessum ber hinn áfrýjaða dóm að staðfesta, og með því ekki er ástæða til þess að taka til greina mótmæli áfrýjandans gegn hinni áfrýjuðu fógeta-gjörð, þar eð hún ber ljóslega með sjer, að lögtak hafi verið gjört til fullnægju eptir hinum áfrýjaða dómi, og það að þriðja manni ekki hefur verið geymdur óskertur rjettur út af fjárnáminu, ekki skerðir hluta þess, sem fyrir fjárnáminu hefur orðið, eða getur gefið honum rjett til, án frekari sannana, að fá því hrundið, ber hina áfrýjuðu fógetagjörð einnig áð staðfesta.

Áfrýjandanum ber að greiða stefnda í málskostnað hjer fyrir rjettinum 15 kr.

Að því leyti mál þetta hefur verið flutt með gjafsókn í hjeraði, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsrjettardómur og fógeta-gjörð eiga óröskuð að standa. Í málskostnað hjer fyrir rjettinum ber áfrýjandanum, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, að greiða 15 krónur til hins stefnda Einars prentara Þórðarsonar.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu, undir aðför að lögum.